

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi félagsheimili
801 SELFOSS

Reykjavík, 27. september 2021

Tilvísun: OS2020110057/50.4.3

Verknúmer: 3090000

Efni: Beiðni um umsögn um umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita í Áshildarmýri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Orkustofnun hefur móttekið meðfylgjandi umsókn Áshildarmýrar ehf., kt. 460306-2130 dags. 8. september sl., þar sem á grundvelli laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, er sótt um leyfi til nýtingar á jarðhita í Áshildarmýri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1998, felur nýtingarleyfi í sér heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögum þessum og Orkustofnun telur nauðsynlega. Um veitingu leyfis, efni þess og afturköllun fer skv. VIII. kafla laganna. Orkustofnun vekur athygli á að samkvæmt 23. gr. laga nr. 57/1998 eru gögn sem afhent eru samkvæmt lögunum bundin trúnaði. Með vísan til þessa eru umsagnaraðilar beðnir um að virða þann trúnað.

Með vísan til 3. mgr. 6. gr. laga, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 er hér með óskað umsagnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps um framkomna umsókn hvað varðar verksvið sveitarfélagsins.

Þess er óskað að umsögnin berist Orkustofnun eigi síðar en 18. október nk.

Virðingarfullst,
f.h. orkumálastjóra


María Guðmundsdóttir


Harpa Pétursdóttir

Afrit sent til: Umsækjanda

Fylgiskjöl: Umsókn og fylgiskjöl